



Lúxemborg, 12. desember 2003

Fréttatilkynning

Mál E-1/03 *Eftirlitsstofnun EFTA* gegn Íslandi

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli sem eftirlitsstofnun EFTA höfðaði gegn Íslandi til viðurkenningar á því að tiltekin ákvæði laga nr. 31/1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum fælu í sér brot á reglum EES-samningsins um frelsi til að veita þjónustu. Samkvæmt dómnum samræmast þau ákvæði laganna, sem mæla fyrir um að greiða skuli hærri skatt vegna farþega sem ferðast frá Íslandi til útlanda en vegna farþega sem ferðast innanlands, ekki reglum EES-samningsins um frjálsta þjónustustarfsemi, sbr. 36. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, sem vísað er til í lið 64a í viðauka XIII við EES samninginn.

Ráðstafanir, sem eru líklegar til að koma í veg fyrir eða á annan hátt að hindra sölu á þjónustu milli EES-ríkja, samanborið við þjónustu sem alfarið er veitt innan eins EES-ríkis, fela að mati EFTA-dómstólsins í sér takmörkun á frelsi til að veita þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu. Á það við jafnvel þótt ekki sé um að ræða mismunun á grundvelli þjóðernis eða búsetu. Með vísan til atvika málsins og úrlausna dómstóls Evrópubandalaganna í hliðstæðum málum komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að skattur sem lagður er á vegna flugfarþega eykur með beinum og sjálfvirkum hætti kostnað flugferðar. Þegar slíkur skattur er rúmlega sjö sinnum hærri vegna farþega sem ferðast til útlanda en vegna farþega sem ferðast innanlands felur mismunurinn að mati EFTA-dómstólsins í sér takmörkun á frelsi til að veita flugþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að mati dómsins var ekki sýnt fram á það í málinu af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar að samhengi væri milli þess mismunar sem felst í skattlagningunni og þeim kostnaði sem liggur að baki þjónustu við innanlandsflug annars vegar og flug til Evrópska efnahagssvæðisins hins vegar. Samkvæmt niðurstöðu dómstólsins réttlæta þau rök um vernd almannahagsmuna, s.s. byggðasjónarmið, sem íslenska ríkisstjórnin hélt fram í málinu, ekki framangreindan mismun, þar sem aðgerðirnar sem löggin fela í sér ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem vísað var til.

Dóminn má finna í heild á vefslóðinni: www.eftacourt.lu.

EFTA-dómstóllinn er skipaður dómurunum Carl Baudenbacher (forseti), Per Tresselt (framsögumaður) og Þorgeir Örlygsson.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.